

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 44

1. árgangur

10.11.1994

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/44/01	Tilkynning (Mál nr. IV/35.166 - Philips/CCETT/IRT (MPEG-1 Audio)) (Áætlun um sameiginlega einkaleyfisveitingu á stafrænum hljóðmerkjum).....01
94/EES/44/02	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. október 1994 um breytingu á ákvörðun 94/448/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem upprunnar eru í Nýja-Sjálandi.....01
94/EES/44/03	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. október 1994 um breytingu á ákvörðun 94/325/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Taílandi.....02
94/EES/44/04	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1994 um aðstoðina sem Grikkland veitti Olympic Airways.....02
94/EES/44/05	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum.....02

94/EES/44/06	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 3. 10. til 21. 10. 1994.....	04
94/EES/44/07	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	05
94/EES/44/08	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. október 1994.....	06
94/EES/44/09	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.522 - Scandinavian Project).....	06
94/EES/44/10	Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.484 - Krupp/Thyssen/Riva/Falck/Tadfin/AST).....	07
94/EES/44/11	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C-2/35210).....	08
94/EES/44/12	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.527 - Thomson/Daimler Benz).....	08
94/EES/44/13	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram.....	09

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning

94/EES/44/01

Mál nr. IV/35.166 - Philips/CCETT (MPEG-1 Audio) (Áætlun um sameiginlega einkaleyfisveitingu á stafrænum hljóðmerkjum)

Framkvæmdastjórninni barst 2. ágúst 1994 umsókn um samþykki og tilkynning um undanþágu samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins 17/62 (Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62) og 53. gr. EES-samningsins í tengslum við sameiginlega veitingu á einkaleyfum sem til eru komin vegna sameiginlegra rannsókna og þróunar á sviði minnkunar á bitahraða stafrænna hljóðmerkja með skynrænni undirbandskóðun.

Þeir aðilar sem að tilkynningunni standa og eiga hlut að máli eru Philips International BV, Centre Commun d'Etudes de Télédiffusion et Télécommunications „CCETT“, Institut für Rundfunktechnik GmbH „IRT“ og Bayerische Rundfunkwerbung GmbH „BRW“.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi þetta mál á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu virkum dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 308, 4. 11. 1994. Athugasemdir er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.35.166 - Philips/CCETT/IRT (MPEG-1 Audio), á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate- General for Competition (DG IV)
Directorate IV/B
Office 3/62
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 27 22

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. október 1994 um 94/EES/44/02 breytingu á ákvörðun 94/448/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem upprunnar eru í Nýja-Sjálandi

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 20. október 1994 um breytingu á ákvörðun 94/448/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem upprunnar eru í Nýja-Sjálandi í Stjttíð. EB nr. L 285, 4.11.1994. Skráin sem fylgir ákvörðuninni kemur í stað fyrri skráar yfir starfsstöðvar og verksmiðjuskip sem samþykkt eru af Nýja-Sjálandi til að flytja fisk- og fiskeldisafurðir til bandalagsins.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. október 1994 um 94/EES/44/03
breytingu á ákvörðun 94/325/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á
fisk- og fiskeldisafurðum frá Taílandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 20. október 1994 um breytingu á ákvörðun 94/325/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Taílandi í Stjtið. EB nr. L 285, 4.11.1994. Skráin sem fylgir ákvörðuninni kemur í stað fyrri skráar yfir starfsstöðvar sem samþykktar eru af Taílandi til að flytja fisk- og fiskeldisafurðir til bandalagsins.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1994 94/EES/44/04
um aðstoðina sem Grikkland veitti Olympic Airways**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðunina frá 7. október 1994 um aðstoðina sem Grikkland veitti Olympic Airways í Stjtið. EB nr. L 273, 25. 10. 1994. Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að aðstoðin við að endurskipuleggja Olympic Airways samrýmist hinum sameiginlega markaði samkvæmt c-lið 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 94/EES/44/05
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til til að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn í Navarra, ríkisaðstoð nr. N 311/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur lokið við að endurskoða stórslysaaðstoðaráætlunina í Bæjaralandi, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. E 12/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur lokið við að endurskoða áætlun um sérstakan sjóð fyrir LMF í Berlín, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. E 11/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur lokið við að endurskoða áætlun um aðstoð við LMF í Saarland, Þýskalandi, ríkisaðstoð nr. E 10/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Breska Konungsríkið lagði til til að efla viðskiptastarfsemi, ríkisaðstoð nr. N 16/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til til að efla eftirlit með úrgangsolúu og plastefnaleifum, ríkisaðstoð nr. N 368/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til vegna aðstoðar á sviði umhverfismála (eftirlit með úrgangsefnum) í Neðra-Saxlandi, ríkisaðstoð nr. N 360/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til til að hvetja til endurvinnslu og endurnotkun úrgangs í iðnaði, ríkisaðstoð nr. N 331/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Holland lagði til við PID Oil Recovery BV vegna fjárfestinga í olíuhreinsunarstöð, ríkisaðstoð nr. N 321/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina um að hvetja heimili í Danmörku til að nota sameiginlega hitaveitu, ríkisaðstoð nr. N 200/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað "Thüringer IndustriebeteiligungsFonds"- aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til, ríkisaðstoð nr. N 183/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til vegna þjálfunar og ráðningar þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengi, ríkisaðstoð nr. N 358/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Breska Konungsríkið lagði til til að styðja ráðgjafarþjónustu við LMF, ríkisaðstoð nr. N 245/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað nýja fjárhagsáætlun sem Portúgal lagði til vegna stuðningsáætlunar um að færa verslun í nútímalegra horf (PROCOM), ríkisaðstoð nr. 99/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Danmörk lagði til til að hvetja til fjárfestinga á sviði byggða- eða umhverfismála, ríkisaðstoð nr. No N 88/94 (sjá nánari útlístun í Stjttíð. EB nr. C 307, 1. 11. 1994).

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi
ráðinu á tímabilinu 3. 10. til 21. 10. 1994**

94/EES/44/06

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningar númer	Titill	Samþykkt af framkvæmd- astjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíð ufjöldi
COM(94) 403	CB-CO-94-422-EN-C ⁽¹⁾	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) til breytingar á reglugerð (EBE) nr. 3759/92 um sameiginlega skipulagningu á markaði fyrir fisk- og fiskeldisafurðir	30.9.1994	3.10.1994	19
COM(94) 414	CB-CO-94-451-EN-C	Löggjöf til framkvæmdar Úrúgvæviðræðunum	5.10.1994	13.10.1994	399
COM(94) 418	CB-CO-94-439-EN-C	Bráðabirgðaskýrsla um framkvæmdaráætlun - Aðgerðaráætlun vegna þróunar á áframhaldandi starfsþjálfun í Evrópubandalaginu	13.10.1994	13.10.1994	57
COM(94) 430	CB-CO-94-457-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins varðandi samstarf við Bandaríkin að því er varðar beitingu samkeppnisreglna þeirra Tillaga að ákvörðun ráðsins um samning milli Evrópubandalaganna og ríkisstjórnar Bandaríkjanna varðandi beitingu samkeppnisreglna þeirra	12.10.1994	14.10.1994	27
COM(94) 423	CB-CO-94-448-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins til breytingar á tilskipun ráðsins 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns	14.10.1994	17.10.1994	15
COM(94) 434	CB-CO-94-461-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar varðandi framkvæmd ákvörðunar um aukna niðurgreiðslu bandalagsins á vöxtum lána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem Fjárfestingarbanki Evrópu ákvað í samræmi við tímabundna lánsfyrirgreiðslu sína (fyrirgreiðsla við LMF)	19.10.1994	20.10.1994	11

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/44/07

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.
(Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE.
(Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0220-UK	Drög að reglugerðum árið 1994 um hjólbarða vélknúinna ökutækja (öryggi)	14.11.1994
94-0221-UK	MCHW 1. - 3. bindi, árleg endurnýjun, til framkvæmdar staðli SD XX-95 og annarri breytingu á forskriftum fyrir vinnu á þjóðvegum, athugasemdir til leiðbeininga með forskriftum fyrir vinnu á þjóðvegum og nákvæm útlitun á þjóðvegagerð (DOT EP REF 006-94-EC)	14.11.1994
94-0222-F	Drög að umburðarbréfi til viðbótar umburðarbréfinu frá 3. mars 1982 um tæknilegar leiðbeiningar sem kveðið er á um í reglugerðum um öryggi opinberra bygginga	11.11.1994
94-0223-F	Fyrirmæli um opinber heiti sjávarskelfisks	11.11.1994
94-0224-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 222 ZV 10 um endurvarpa í radíónetum	24.11.1994
94-0225-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 211 ZV 13-4 gHz um uppsetningu á stafrænu fastasambandi í þráðlausu fjarskiptaþjónustunni á tíðninni 4 gHz	21.11.1994
94-0226-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 211 ZV 02-23 gHz um uppsetningu á stafrænu fastasambandi í þráðlausu fjarskiptaþjónustunni á tíðninni 23 gHz	24.11.1994
94-0227-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 211 ZV 20-6.8 gHz um uppsetningu á stafrænu fastasambandi í þráðlausu fjarskiptaþjónustunni á efri tíðninni 6 gHz	24.11.1994
94-0228-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 211 ZV 12-38 gHz um uppsetningu á stafrænu fastasambandi í þráðlausu fjarskiptaþjónustunni á tíðninni 38 gHz	21.11.1994
94-0229-F	Reglugerð sem fylgir fyrirmælum frá 23. nóvember 1987 um öryggi skipa. Deild 218: Þráðlaus fjarskipti fyrir alheimsneyðar og -öryggiskerfi á sjó	17.11.1994
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drög in til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5.1994.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. október 1994 **94/EES/44/08**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 26. október 1994 um breytingu á 3. kafla I. viðauka við tilskipun ráðsins 92/118/EBE varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um, í Stjtið. EB nr. L 288, 9.11.1994. Framkvæmdastjórnin hefur með ákvörðuninni breytt tilteknum kröfum um heilbrigði dýra hvað varðar vörur sem fjallað er um í 3. kafla I. viðauka við tilskipunina.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram **94/EES/44/09** **(Mál nr. IV/M.522 - Scandinavian Project)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. 10. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem sænsku fyrirtækin Kooperativa Förbundet (KF), Svenska Lantmännen (SLR), Atle AB (Atle), Investment AB Bure (Bure) Allmänna Pensionsfonden Fjärde Fondstyrelsen (AP4.e), Svenska Handelsbanken (SHB) og Skandia (Skandia), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfiráð yfir Karlshamns AB (Karlshamns), sænsku fyrirtæki sem var fyrir tilkynnta aðgerð að fullu undir yfiráðum KF.

Enn fremur munu KF, ATLE, BURE, AP4.e, SHB og Skandia með frekari kaupum öðlast sameiginleg yfiráð, í skilningi samrunareglugerðarinnar, yfir þremur öðrum sænskum fyrirtækjum: BT Industries AB (BT Industries), Elmo-Calf AB (Elmo Calf) og Gislaved Folie AB (Gislaved) sem fyrir tilkynnta aðgerð voru einnig eingöngu undir yfiráðum KF.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

- KF: Samvinnufélag á sviði smásölu
- SLF: Samvinnufélag sænskra bænda
- Atle: Eignarhaldsfélag á sviði fjárfestinga
- Bure: Eignarhaldsfélag á sviði fjárfestinga
- AP4.e: Lífeyrissjóður í eigu ríkisins
- SHB: Bankastarfsemi
- Skandia: Vátryggingafélag
- Karlshamns: Framleiðir jurtaolíur og fitusýrur
- BT Industries: Framleiðir gaffallyftara til innanhússflutninga í iðngreininni
- Elmo-Calf: Framleiðir hágæðaleður til notkunar í húsgagna- og bílaiðnaði
- Gislaved: Framleiðir álpappír og vörur úr lagskiptum þynnum til iðnaðarnota.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 308, 4. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.522 - Scandinavian Project, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.484 - Krupp/Thyssen/Riva/Falck/Tadfin/AST)

94/EES/44/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 10. 1994 að hefja málsmeðferð í framangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking sé í samræmi við hinn sameiginlega markað. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Til að unnt sé að taka mið af athugasemdum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 311, 8. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 236 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.484 - Krupp/Thyssen/Riva/Falck/Tadfin/AST), og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/C-2/35210)****94/EES/44/11**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. ágúst 1994 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ þar sem Northern Electric plc og Neste Production Ltd hafa myndað Sovereign Exploration Ltd sem mun nýta tólf gasleyfisveitingar sem ríkisstjórn Breska konungsríkisins veitti.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.
4. Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 311, 8. 11.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/C-2/35210) og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 2/82
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.527 - Thomson/Daimler Benz)****94/EES/44/12**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 10. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾ þar sem Thomson SA og Daimler-Benz AG munu, með fyrirtækjum um sameiginlegt verkefni sem mynda samfylkingu, öðlast sameiginleg yfirráð yfir hergagnastarfsemi og starfsemi sem varðar knúningsafl flugskeyta er hingað til hefur verið rekin undir yfirráðum hvors aðila um sig.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Thomson:
 - hönnun, þróun og framleiðsla á rafeindavörum;
 - rafeinda- og varnarbúnaður í atvinnuskyni
 - Daimler-Benz:
 - framleiðsla og dreifing á fólksbifreiðum og ökutækjum sem notuð eru í atvinnuskyni;
 - framleiðsla og dreifing á sjálfstýribúnaði og -kerfum, járnbrautaflutningakerfum, rafeindabúnaði og íhlutum og rafeindabúnaði sem nota má í margvíslegum tilgangi;
 - þróun, framleiðsla og sala á vörum sem tengjast flugiðnaði, varnartækni, lækningatækni, orkuverum, díselvélum, radar-, radíó- og nemakerfum;
 - þjónusta varðandi smásölu á tölum, fjármál, tryggingar, dreifingu og markaðssetningu.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 312, 9. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.527 - Thomson/Daimler Benz, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.528 - British Aerospace/VSEL)

94/EES/44/13

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 10. 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem British Aerospace plc mun öðlast yfirráð yfir VSEL plc. Tilkynningin varðar eingöngu þá starfsemi VSEL sem ekki tengist hernaðarstarfsemi; Breska konungsríkið, sem styðst við b-lið 1. mgr. 223. gr. EBE-sáttmálans, hefur gefið British Aerospace fyrirmæli um að tilkynna ekki um yfirtöku á hernaðarstarfsemi VSEL.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja sem ekki er hernaðarlegs eðlis:
 - British Aerospace: hönnun, þróun og framleiðsla á almennum loftförum, þróun hugverkaréttar, vélþjónusta við olú- og gasiðnaðinn.
 - VSEL: hönnun, framleiðsla og þjónusta varðandi búnað í olú-og gasiðnaðinum, almenn málmframleiðsla.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 312, 9. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.528 - British Aerospace/VSEL, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.